

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, undirskrifuð af ríkisstjóra 21. janúar 1944, nr. 1.

Lög um ófriðartryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 2.

Auglýsing um að út séu gefnir nýir 500 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 4. febrúar 1944, nr. 3.

Auglýsing frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti, undirskrifuð 11. febrúar 1944, nr. 4.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 7. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, 1
um breyting á siglingareglum fyrir Reykjavíkurhöfn samkvæmt ósk 3. febr.
brezka sjóliðsins.

Samkvæmt ósk brezka sjóliðsins er 3. málsgrein 4. greinar siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn frá 13. janúar 1942 (1. tölublað Lögbirtingablaðsins 1942) breytt þannig:

Í stað orðanna „Beiðnir um hafssögumann flotans skulu sendar merkjastöðinni í íshúsinu“ komi: Beiðnir um hafnsögumann flotans skulu sendar merkjastöðinni í hafnarhúsinu.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um skiptingu Keflavíkursóknar í KjalarNESSprófastsdæmi í tvær sóknir. 2
7. febr.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun héraðsfundar KjalarNESSprófastsdæmis veitir ráðumeytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 8. des. f. á., og með skírskotun til laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til að núverandi Keflavíkursókn í KjalarNESSprófastsdæmi skiptist í tvær sóknir, Keflavíkursókn og Njarðvíkursókn, þannig, að Innri-Njarðvík verði skilin frá Keflavíkursókn, frá síðustu áramótum að telja, enda afhendist hinni nýju sókn Njarðvíkurkirkja hin forna í því ástandi, sem hún nú er.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.